

Mál nr. 140/2008

**M
og**

Vátryggingafélagið X v/ábyrgðartryggingar atvinnureksturs bifreiðarverkstæðis (A)

Ágreiningur um bótaábyrgð vegna tjóns á bifreið sem til viðgerðar var.

Gögn.

- 1) Málskot móttakið 18.07. 2008, ásamt fylgiskjölum.
- 2) Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 23.07. 2008.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa og afstöðu aðila. Bifreið M var til viðgerðar hjá umræddu verkstæði eftir árekstur sem varð þann 13.07. 2005. Vél bifreiðarinnar mun m.a. hafa brætt úr sér.

M telur bótaábyrgð fyrir hendi sbr. umfjöllun hans í málskotinu.

Vátryggingafélagið hafnar bótaábyrgð. Það telur að ekki hafi verið sýnt fram á saknæma og ólögmeta háttsemi starfsmanna A miðað við fyrirliggjandi gögn.

Álit.

Þegar tekið er mið af takmörkuðum gögnum máls þessa hefur ekki verið sýnt fram á greiðsluskyldu þeirrar vátryggingar sem hér um ræðir. Ósannað er að starfsmenn verkstæðisins hafi sýnt af sér háttsemi sem hefur skaðabótaábyrgð í för með sér.

Niðurstaða.

Ekki hefur verið sýnt fram á greiðsluskyldu þeirrar vátryggingar sem hér um ræðir.

Reykjavík 12. ágúst 2008

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.